

**APPENDIX L TO THE INTERNATIONAL SPORTING CODE**  
**CHAPTER V - CODE OF DRIVING CONDUCT ON OFFROAD CIRCUITS**

**VIÐAUKI L VIÐ ALPJÓÐLEGU REGLUBÓKINA**  
**KAFLI V - HEGÐUN Í MALARHRINGAKSTRI**

CHAPTER V - CODE OF DRIVING CONDUCT ON OFFROAD CIRCUITS	KAFLI V - HEGÐUN Í MALARHRINGAKSTRI
<b>1. Observance of signals</b>	<b>1. Fylgja merkjagjöf</b>
The instructions detailed in Appendix H to the International Sporting Code are deemed part of this code of driving conduct. All drivers must abide by them.	Leiðbeiningarnar sem eru tilgreindar í Viðauka H við Reglubókina teljast hluti af þessum reglum um hegðun við akstur. Allir ökumenn verða að hlíta þeim.
<b>2. Overtaking, car control and track limits</b>	<b>2. Framúrakstur, stjórn bíls og brautarmörk</b>
a) A car alone on the track may use the full width of the track, however as soon as it is caught by a car which is about to lap it, the driver must allow the faster driver to go past at the first possible opportunity.	a) Bíll sem er einn á brautinni getur notað alla breidd brautarinnar, hinsvegar, um leið og hann er keyrður uppi af bíl sem er að fara að hringa hann, verður ökumaðurinn að láta hraðari ökumann fara framúr við fyrsta mögulega tækifæri.
b) Overtaking, according to the circumstances, may be carried out on either the right or the left. A driver may not deliberately leave the track without justifiable reason. More than one change of direction to defend a position is not permitted. Any driver moving back towards the racing line, having earlier defended his position off-line, should leave at least one car width between his own car and the edge of the track on the approach to the corner.  However, manoeuvres liable to hinder other drivers, such as deliberate crowding of a car beyond the edge of the track or any other abnormal change of direction, are strictly prohibited. Pushing or other contact resulting in a lasting advantage is strictly prohibited. Any driver who appears guilty of any of the above offences will be reported to the Stewards.	b) Framúrakstur má eftir aðstæðum, fara fram hvort sem er til hægri eða vinstra megin. Ökumaður má ekki fara vísvitandi af brautinni án réttlætanlegrar ástæðu. Fleiri en ein stefnubreyting til að verja stöðu er ekki leyfð. Sérhver ökumaður sem fer aftur í átt að keppnislínunni, sem hefur áður varið stöðu sína utan línunnar, skal skilja eftir að minnsta kosti eina bílbreidd milli síns eigin bíls og brún brautarinnar þegar hann nálgast beygjuna.  Hinsvegar er stranglega bannaður akstur sem líkur eru á að hindri aðra ökumenn, eins og vísvitandi þvingun bíls út fyrir brún brautarinnar eða aðrar óeðlilegar stefnubreytingar. Allir ökumenn sem virðast sekir um ofangreint brot verða tilkynntir til dómnefndar.
c) Drivers must use the track at all times. Should a car leave the track for any reason, and without prejudice to 2(d) below, the driver may re-enter the track. However, this may only be done when it is safe to do so and without gaining any advantage. For the avoidance of doubt, the track edges may be defined by white lines, tyre stacks, marker poles or other devices defined by the Race Director if appointed by FIA or the clerk of the course during the briefing. A driver will be judged to have left the track if no part of the car remains in contact with the track, where lines indicate the track edge, or should the car pass behind or substantially move any physical marker.	c) Ökumenn verða alltaf að halda sig á brautinni. Ef bíll fer úr braut af einhverjum ástæðum og með fyrirvara um ákvæði d-liðar 2 hér að neðan, getur ökumaður farið aftur inn á. Þetta má þó aðeins gera þegar hættulaust er og án þess að öðlast nokkurt forskot. Til að forðast misskilning geta brautarmörk verið afmörkuð með hvítum línum, dekkjastæðum, merkistikum eða með öðrum hætti sem ákveðinn er af keppnisstjóra, ef hann er tilnefndur af FIA eða brautarstjóra á fundi með keppendum. Ökumaður er talinn hafa yfirgefið brautina ef enginn hluti bílsins er lengur í snertingu við brautina, eða ef bíllinn fer öfugu megin við eða færir umtalsvert brautarafmörkun.
d) Repetition of serious mistakes or the appearance of a lack of control over the car (such as leaving the track) will be reported to the Stewards and may entail the imposition of penalties up to and including the	d) Endurtekning alvarlegra mistaka eða útlit fyrir skort á stjórn á bílnum (eins og ef farið er úr braut) verður tilkynnt dómnefnd og getur haft í för með sér refsingu, allt að útilokun viðkomandi ökumanns.

disqualification of any driver concerned.	
e) It is not permitted to drive any car unnecessarily slowly, erratically or in a manner deemed potentially dangerous to other drivers at any time.	e) Óheimilt er að aka bíl óþarflega hægt, reikult eða á þann hátt sem talinn er hættulegur öðrum öikumönnum á hverjum tíma.
f) Unless permitted in the regulations, spinning the wheels before the start of a race is only permitted in the designated pre-grid area.	f) Leyfi sérreglur það ekki, er eingöngu heimilt að spóla dekkjum fyrir upphaf keppni á þar til ætluðu skilgreindu svæði.
g) If there is a Joker Lap, the driver must enter or leave the Joker Lap section in such a way that does not constitute a danger or hinder other drivers. At the exit of the Joker Lap section, the cars on the main track have priority.	g) Ef það er jóker verður ökumaður að fara inn í og út úr jóker hlutanum á þann hátt að hann skapi ekki hættu eða hindri aðra öikumenn. Við útakstur úr jóker hlutanum, hafa bílarnir á aðalbrautinni forgang.
<b>3. Cars stopping during a race</b> The driver of any car leaving the track due to not being able to maintain racing speed should do so in good time and is responsible for ensuring that the maneuver is carried out safely and as near as possible to an exit point.	<b>3. Stöðvun bíla meðan á keppni stendur</b> Ökumaður hvers bíls sem yfirgefur brautina vegna þess að hann er ófær um að halda keppnishraða, ætti að gera það í tæka tíð og ber ábyrgð á því að aðgerðin fari fram á öruggan hátt og eins nálægt útakstursrein og hægt er.
<b>4. Exit from the track</b> Any driver intending to leave the track during the race or after the chequered flag is shown should make sure that it is safe to do so and is responsible for ensuring that the maneuver is carried out safely.	<b>4. Útakstur frá brautinni</b> Sérhver ökumaður sem ætlar að yfirgefa brautina meðan á keppni stendur eða eftir að köflotta flaggið er sýnt, ætti að ganga úr skugga um að það sé óhætt að gera það og ber ábyrgð á því að aðgerðin sé framkvæmd af öryggi.
<b>5. Race stopped by a red flag</b> In the event that a race is stopped by a red flag and is followed by a re-run, the driver who caused the red flag will not be allowed to start in the re-run unless the Stewards decide otherwise. Decisions of the Stewards regarding which cars will be permitted to restart are not subject to appeal.	<b>5. Keppni stöðvuð með rauðu flaggi</b> Komi til þess að keppni sé stöðvuð með rauðu flaggi og síðan er ræst aftur, verður öikumanninum sem olli rauða flagginu ekki leyft að byrja í endurræsingunni nema dómnefnd ákveði annað. Ákvörðun dómnefndar varðandi hvaða bílum verður leyft að endurræsa er ekki hægt að áfrýja.

Mót	FIA staðall
Formula 1 heimsmeistarakeppnin	8860-2018-ABP
Formula 2	8860-2018-ABP
Formula 3	8860-2004, 8860-2010, 8860-2018 eða 8860-2018-ABP
Formula E	8860-2018-ABP
Heimsmeistarakeppnin í rally (ef ökumaður er á lista forgangsökumana)	8860-2018 eða 8860-2018-ABP
WEC	8860-2004, 8860-2010, 8860-2018 eða 8860-2018-ABP
Heimsmeistarakeppnin í rallycross (allir öikumenn)	8860-2004, 8860-2010, 8860-2018 eða 8860-2018-ABP
FIA GT heimsmeistarakeppnin	8860-2004, 8860-2010, 8860-2018 eða 8860-2018-ABP